

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 229/2012

2013/EES/18/25

frá 7. desember 2012

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/90/ESB frá 14. nóvember 2011 um breytingu á II. hluta I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB þar sem settar eru fram viðbótarforsendur fyrir útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar ⁽¹⁾.
- 2) XIX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 7h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB) í XIX. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32011 L 0090:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/90/ESB frá 14. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/90/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 35.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.